



Eining-Íðja

F É L A G S B L A Ð
1. tölublað • 6. árgangur • Mars 2004

Orlof 2004





Það var 10. mars
árið 1934 sem
tvö börn drógu
út fyrstu vinn-
ingana í Hapdrætti Háskóla Íslands.
Hapdrættið naut strax mikilla vinsælda
og þjóðin fylkti sér á bak við
það markmið að
byggja yfir hinn
unga háskóla.



Æ síðan, í
70 ár, hefur
þjóðin byggt
yfir Háskóla



Íslands með þátttöku sinni.

Þannig hefur hún tryggt
að fólk ætti kost á
fjölbreyttri menntun
án tillits til
efnahags.

ÞJÓÐARÁTAK Í 70 ÁR

HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA
ÍSLANDS

70
ÁRA

Hapdrættið hefur skipt sköpum
við uppbyggingu Háskóla Íslands og

vinningar

þess hafa

orðið

mörgum

fjölskyldum

drjúg búbót.




Vertu með og hringdu núna í síma 800 6611
eða komdu á www.hhi.is.



HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Frábær fimm ár

Mikil hækkun safna í Séreignardeild umfram verðlag



Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á lagginnar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og á fyrstu fimm árum deildarinnar, til ársloka 2003, var raunhækkun **46,7%** á Safni I og **54,3%** á Safni II. Þetta er hækkun sem varð á söfnunum umfram almennar verðlagshækkanir á þessum 60 mánuðum. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum söfnum hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun **hefur aldrei orðið neikvæð** á þessum tíma. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarsparnaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.

 **LÍFEYRISSJÓÐUR
NORÐURLANDS**
- þar sem framtíðin vex!

Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is



Útgefandi:
Eining-Iðja
Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.eining-idja.is

Abyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson

Umsjón, textagerð og prófarkalestur:
Fremri kynningarþjónusta,
Furuvöllum 13, 600 Akureyri.
Sími: 461 3666. Bréfasími: 461 3667.
Netfang: fremri@fremri.is

Þýðing: Rafn Kjartansson

Auglýsingar:
P.J. auglýsinga- og markaðsþjónusta
Símar: 566 8262 og 861 8262
Netfang: pj@pj.is

Forsíðumynd: Myndrún ehf.

Prentvinnsla: Ásprent

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða að hluta, þó þannig
að heimildar sé getið.

Skrifstofa Einingar-Iðju á Dalvík
Ráðhúsinu. Sími: 466 1340
Bréfasími: 466 1041

Netfang: runa@eining-idja.rl.is
Opíð kl. 10-14 mánud., þriðjud.,
fimmtud. og föstud. og kl. 10-16
á miðvikudögum

Skrifstofa Einingar-Iðju í Ólafsfirði
Múlavegi 1. Sími: 466 2318
Bréfasími: 466 2681

Netfang: gusti@eining-idja.rl.is
Opíð kl. 9-13 virka daga

Efnisyfirlit:

Orlof 2004	4
Nýr kjarasamningur SGS og SA: Mikilvæg skref á mörgum sviðum	6
Í hvaða deild ert þú?	8
Orlofshús í Danmörku og á Spáni	10
Úthlutun orlofshúsa: Punktakerfi tryggir sanngirni	10
Vinningshafar í jólagetraum	11
Þrjár orlofsferðir í sumar	12
Atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning	12
Nýr kjarasamningur, myndasýrpa	13
Orlofshúsin 2004	
Orlofsstaðir Einingar-Iðju, kort og upplýsingatafla	14
Umsókn um orlofsbústað 2004	15
Illugastaðir í Fnjóskadal	17
Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit	18
Einarsstaðir á Héraði	18
Egilsstaðir	20
Klifabotn í Lóni	20
Mjúkaból við Flúðir	21
Garðshorn í Ölfusi	21
Brekkuskógur í Biskupstungum	22
Ölfusborgir	22
Munaðarnes og Stóruskógar í Borgarfirði	23
Svignaskarð í Borgarfirði	23
Snorrastaðir í Kolbeinsstaðahreppi	24
Flókalundur í Vatnsfirði	24
Súðavík	24
Íbúðir í Reykjavík	25
Tjaldvagnar	25
A large number of holiday chalets for rent	25
Tryggið rétt ykkar í orlofsmálum	26

Orlof 2004

Ágætu félagar!

Efni orlofsblaðs Einingar-Iðju er með hefðbundnu sniði. Megináhersla er lögð á að kynna þau orlofshús sem félagið hefur til umráða og leigu til félagsmanna á komandi sumri. Að því leyti er blaðið nánast eins og í fyrra því litlar sem engar breytingar eru á þeim valkostum sem í boði eru. Sem fyrr býður félagið orlofshús af mismunandi stærðum og gerðum, í mismunandi umhverfi og í öllum landshlutum, auk orlofshúsa á Spáni og í Danmörku, sem félagið hefur til umráða í samvinnu við STAK.

Að venju eru félagsmenn einnig minntir á réttindi sín varðandi orlof, orlofstöku og orlofsuppbót. Sagt er frá orlofsferðum sumarsins en nú er staðfest að farið verður í ferð til Skandinavíu. Eins og kunnugt er hefur tvö undanfarin sumur

þurft að aflýsa utanlandsferð félagsins vegna ónógrar þátttöku en nú tókst hins vegar betur til. Sem fyrr er hins vegar fullbókað í svokallaða „fjallaferð“ félagsins, sem farin verður um Austurland og nokkrir komnir á biðlista fyrir þá ferð.

Í blaðinu eru einnig kynnt helstu atriði nýgerðs kjarasamnings Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins. Útgáfa blaðsins hefur raunar tafist um örfáa daga vegna þessa þar sem ákveðið var að hinkra með lokavinnslu þess í þeirri von að samningar tækjust. Eins og kunnugt er var skrifað undir nýjan kjarasamning að kvöldi 7. mars. Umfjöllun um kjarasamninginn er á bls. 6 ásamt myndasýrpu á bls. 13. Að öðru leyti er efni blaðsins með hefðbundnu sniði.

Ritnefnd Einingar-Iðju óskar félagsmönnum alls hins besta í komandi orlofi.



Frissi fríski

er búinn til úr
náttúrulegum hráefnum
án allra aukaeftna.

Hann fæst nú í handhægum
250ml fernum sem henta
fyrir leik og starf.



...frískandi og svalandi

Nýr kjarasamningur SGS og SA:

Mikilvæg skref á mörgum sviðum

Við undirbúning að útgáfu Orlofsblaðsins var ákveðið að samningamálin yrðu meðal þess efnis sem ætlunin var að gera skil í blaðinu. Ákveðið var að gefa blaðið út á svipuðum tíma og venjan hefur verið undanfarin ár – um miðjan marsmánuð. Vonast var til að samningar tækjust í tíma þannig að hægt yrði að kynna þá efnislega að einhverju leyti í blaðinu. Minnstu munaði að samningar næðust ekki í tíma til þess að koma upplýsingum í blaðið – en útgáfa þess hefur nú tafist um örfáa daga vegna samninganna.

Mörg mál kláruð í janúar og febrúar

Þrátt fyrir að lokahrinan hafi farið fram helgina 5.-7. mars hafði mikil vinna verið lögð í samningagerðina fyrir þann tíma og árangur náðst í mörgum mikilvægum málum. Náðst hafði samkomulag um mörg sérmál, til dæmis launatöflu og sérmál starfsgreinasviða, þar á meðal á fiskvinnslu- og fiskeldisviði, iðnaðarsviði, flutninga- og byggingasviði og veitinga- og gistihúasviði. Erfiðustu hjallarnir voru samt eftir; launamálin og lífeyrismálin en þau náðust í höfn á lokasprettinum.

Sameinaður hópur áorkar meiru

Undirbúningur kjaraviðræðna af hálfu Einingar-Íðju hófst fyrir meira en ári með könnun á viðhorfi fólks til þess hvaða atriði leggja þyrfti áherslu á. Kröfugerðir voru síðan fullfrágengnar og afhentar í lok nóvember. Samningafólk Einingar-Íðju hefur staðið í ströngu að undanförmu í kjaraviðræðum við atvinnurekendur og það skilaði nýjum kjarasamningi SGS og SA sunnudagskvöldið 7. mars. Það voru þau Björn Snæbjörns-son, formaður Einingar-Íðju, Matthildur Sigurjónsdóttir varaformaður, Anna Júlíusdóttir, formaður matvælaeildar, og Þorsteinn J. Haraldsson, formaður tækja-, flutninga- og byggingaeildar, sem undirrituðu nýja kjarasamninginn fyrir hönd Einingar-Íðju. Það var samdóma álit þeirra að rétt væri að skrifa undir þennan samning og mæla með samþykkt hans.

„Við hefðum auðvitað viljað ná meiru en töldum að þarna værum við komin eins og komist verður að þessu sinni,“ segir Björn. „Hugsanlega væri hægt að



Formaður Einingar-Íðju undirritar nýjan kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og SA sunnudagskvöldið 7. mars.

ná fram einhverju í viðbót en þá aðeins með löngu verkfalli. Við töldum að ef ekki yrði skrifað undir núna þá þýddi það aðeins að afla þyrfti verkfallsheimildar og fara í átök ef menn vildu ná einhverju meiru fram. Ég tel að það myndi skila litlu og því rétt að skrifa undir núna og leggja þennan samning í dóm félagsmanna. Ég vil leggja áherslu á að við náum þarna mikilvægum skrefum í mörgum málum. Ég get nefnt til dæmis varðandi áframhald fjármögnunar á starfsfræðslusjóðnum Landsmennt, hækkan á mótframlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð, röðun í nýja launatöflu og síðan loforð ríkisstjórnarinnar um að hækka atvinnuleysisbætur. Hækkun atvinnuleysisbóta sýnir svo ekki verður um villst að Alþýðusambandið berst fyrir alla, ekki einungis fyrir aðildarfélögin og félagsmenn þeirra því hækkan atvinnuleysisbóta kemur til allra sem þær fá, ekki aðeins okkar félaga. Við erum sem fyrr kjölfestan í áframhaldandi stöðugleika en um leið baráttuafli fyrir þá sem lókust hafa kjörin. Ég vil líka leggja áherslu á að sú nána samvinna sem var með hópunum tveimur innan SGS í þessum samningum skilaði meiri árangri en við hefðum náð með því að vinna þetta í tvennu lagi með lítilli samvinnu eins og var í samningunum 2000. Þetta samstarf var mjög gott og skilaði þeim árangri sem ég held að hafi verið hægt að ná að þessu sinni,“ segir Björn.

Helstu atriði samningsins

Nýi samningurinn er til fjögurra ára og rennur út 31. desember 2007. Almennar launahækkningar verða einu sinni á ári, 3,25% við undirskrift, 2,5% 1. janúar 2005 ásamt 1% hækkan vegna breytinga á launatöflu, 3,5% 1. janúar 2006 og 2,25% 1. janúar 2007.

Eins og fram hefur komið hafði náðst

samkomulag um nýja launatöflu og röðun samkvæmt henni nokkru áður en endanlegir samningar tókust. Tekin er upp ný 25 flokka launatafla með fimm starfsaldursþrepum. Miklar væntingar eru bundnar við þessa nýju töflu. Taflan gefur möguleika á auknu svigrúmi í launahækkunum og launaskriði. Sameiginlegt mat samningsaðila á kostnaðaráhrifum innfærslu í launatöflu er að frá undirritun samnings sé kostnaður 1,00% og aftur 1,00% hinn 1. janúar 2006.

Tekjutrygging hækkar verulega á samningstímanum. Tekjutrygging fyrir fulla dagvinnu verður frá gildistöku samnings kr. 100.000 á mánuði, árið 2005 kr. 103.500, árið 2006 kr. 106.000 og árið 2007 kr. 108.000.

Frá 1. janúar 2005 hækkar framlag atvinnurekenda í sameignarsjóð í 7,00% og á sama tíma fellur niður skylda til að greiða 1,00% fast gjald í séreignarsjóð óháð framlagi starfsmanns. Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjald atvinnurekenda til sameignarlífeyrissjóðs í 8,00%.

Áfram á launamaður rétt á 2% mótframlagi atvinnurekenda í séreignarsjóð ef launamaður sparar sjálfur 2% af launum eða meira.

Með þessum samningum innsigla samningsaðilar þann mikla árangur sem náðist á síðasta samningstímabili í starfsmenntamálum með því að festa starfsmenntasjóði almenns launafólks í sessi til framtíðar.

Slysatryggingar launafólks hækka að lágmarki um 40% við gildistöku samningsins.

Samkvæmt samningnum verður uppsagnarfrestur einfaldaður til mikilla muna.

Desemberuppbót verður kr. 38.500 árið 2004, kr. 39.700 árið 2005, kr. 40.700 árið 2006 og kr. 41.800 árið 2007.

Orlofsuppbót verður kr. 21.100 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2004, kr. 21.800 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2005, kr. 22.400 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2006 og kr. 23.000 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2007.

Í nýjum kafla samningsins um ræstingar er gert ráð fyrir að ræstingartaxtar hækki um 21% á samningstímanum.

Samningurinn í heild er á vef félagsins, www.eining-idja.is, en hann er einnig hægt að nálgast á skrifstofu félagsins.



Fyrir þig hjartað mitt

HJARTAMAGNÝL

DÝRMÆT FORVÖRN

Notkunarsvið: Hjartamagnýl inniheldur 75 mg af virka efniinu asetýlsalisýlsýru sem hefur segavarnandi áhrif. Hjartamagnýl er notað sem fyrirbyggjandi meðferð gegn kransæðastíflu hjá einstaklingum með kransæðasjúkdóm. Hjartamagnýl minnkar einnig líkur á heilablóðfalli og tímabundnum blóðþurrðareinkennum frá heila. **Varúðarreglur:** Einstaklingar sem hafa ofnæmi fyrir asetýlsalisýlsýru eða öðrum salisýlötum ættu ekki að taka lyfið. Einstaklingar sem eru með astma, blæðingarsjúkdóma eða virkt magasár ættu ekki að taka lyfið. Takmörkuð reynsla er af notkun lyfsins hjá þunguðum konum og er því ekki mælt með notkun á meðgöngu. Lyfið er ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Hjartamagnýl getur valdið aukaverkunum eins og ofnæmi, astma, meltingarópægindum og jafnvel sárum á magaslímhúð. **Skömmtnun:** Ráðlagðir skammtar fyrir fullorðna eru 75–150 mg á dag. *Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 23.12.03*

Í hvaða deild ert þú?

Á þessum tíma árs er mikið um fundi á vegum félagsins en eins og fram hefur komið eiga aðalfundir svæðisráðanna og deildanna að fara fram um þessar mundir. Svæðisráðin starfa á Dalvík, í Grýtu-bakkahreppi, Hrísey og Ólafsfirði þannig að félagsmenn ættu ekki að þurfa að velkjast í vafa um hvaða svæðisráði hver og einn tilheyrir. Hins vegar kemur stundum upp að fólk er ekki með það á hreinu hvaða deild félagsins það tilheyrir. Hér eru endurteknar upplýsingar um það hvaða starfsgreinar tilheyra hvaða deildum – en þessar upplýsingar voru birtar í félagsblaðinu í desember og þær er einnig að finna á vef félagsins, www.eining-idja.is.

Hver er í hvaða deild?

Það sem ef til vill vefst helst fyrir fólki eru tilteknar starfsstéttir sem eru þess eðlis að ekki liggur í augum uppi hvaða deild innan félagsins þær tilheyra. Til dæmis tilheyra opinberu deildinni allir þeir félagsmenn sem eru starfsmenn ríkisins, sveitarfélaga og einkastofnana sem annast aldraða, fatlaða og börn. Innan opinberu deildarinnar eru allmargir félagsmenn sem gætu allt eins tilheyrt annarri deild ef mið er tekið af starfi þeirra. Til dæmis má nefna vörubílstjóra hjá sveitarfélagi, sem er í opinberu deildinni en ekki tækja-, flutninga- og byggingadeildinni. Starfsfólk í mótuneytum skóla og annarra opinberra stofnana eru í opinberu deildinni en ekki í þjónustudeildinni eins og kollegar þeirra í mótuneytum á almennum vinnumarkaði. Fleiri dæmi má finna á sömu nótum og líklega of langt mál að telja upp öll möguleg tilvik þar sem svona skörun á sér stað milli deildanna. Ef félagsmaður er í vafa hvaða deild hann tilheyrir er að sjálfsgöðu einfaldast að leita upplýsinga á skrifstofu félagsins. Þótt ekki fylgi tæmandi upptalningar fyrir hverja deild hér á eftir geta þær vonandi í flestum tilvikum upplýst þá félagsmenn sem eru í vafa um hvaða deild þeir tilheyra.

Íðnaðardeild

Í Íðnaðardeildinni eru meðal annarra þeir félagsmenn sem vinna í fata-, vefja- og



Aðalfundir deilda félagsins eru framundan. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á aðalfund sinna deilda.
Myndrún ehf / Rúnar Þór

skinnaiðnaði, úrvinnsluiðnaði, hreinlætisvöruíðnaði, plast-, gúmmí-, umbúða-, lyfja-, gler-, málningarvöru- og tækniiðnaði. Einnig starfsmenn í ofna-, bobbinga- og hillusmiðum og skyldum málmsmiðum, svo og þeir sem vinna við endurvinnslu, í húsgagnaiðnaði, þvottahúsum og efnalagum á almennum vinnumarkaði, á dekkjaverkstæðum, smur-, ryðvarnar-, bón- og þvottastöðvum og við línu- og netagerð, ásamt fleirum. Þjónustufulltrúi deildarinnar er Þorsteinn E. Arnórsson – steini@eining-idja.rl.is.

Matvæladeild

Í matvæladeildinni eru meðal annarra þeir félagsmenn sem vinna við landbúnað, mjólkuriðnað og kjötvinnslu, í sláturhúsum, kex- og sælgætisverksmiðjum og við drykkjarvöruíðnað. Einnig þeir sem vinna við verkun og vinnslu á ferskum sjávarafli, það er í frystingu, söltun og skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu, fiskeldi, hrognavinnslu, síldarvinnslu, loðnu-bræðslum og við línubeitningu. Þjónustufulltrúi matvæladeildar er Matthildur Sigurjónsdóttir – matty@eining-idja.rl.is.

Opinbera deildin

Innan opinberu deildarinnar eru þeir félagsmenn í Einingu-Íðju sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum, svo og einkastofn-

unum sem annast aldraða, fatlaða og börn. Deildin hefur þá sérstöðu að hún nær yfir fleiri starfsgreinar en hinar deildirnar því innan hennar eru allir félagsmenn í Einingu-Íðju sem starfa hjá áðurtöldum vinnuveitendum, hvort sem viðkomandi starfar á vinnuvél, í þjónustustarfi eða öðrum störfum sem ætla mætti að tilheyrðu til dæmis þjónustudeild eða tækja-, flutninga- og byggingadeild, svo dæmi sé nefnt. Þjónustufulltrúi deildarinnar er Björn Snæbjörnsson – bjorn@eining-idja.rl.is.

Tækja-, flutninga- og byggingadeild

Í þessari deild eru meðal annarra þeir sem vinna í byggingavinnu, við vegagerð, hjá steypustöðvum, á bifreiðum, vinnuvélum og lyfturum, í slippvinnu, hafnarvinnu, vöruskemmmum og hjá flutningafyrirtækjum. Þjónustufulltrúi deildarinnar er Matthildur Sigurjónsdóttir – matty@eining-idja.rl.is.

Þjónustudeild

Í Þjónustudeildinni eru meðal annarra þeir félagsmenn sem vinna við ræstingar og eldhússtörf á almennum vinnumarkaði, á veitingahúsum, hótélum og gistiheimilum, við ferðaþjónustu bænda og annað sem fellur undir ferðaþjónustu og við gæslu (öryggis- og næturvarðmenn). Þjónustufulltrúi deildarinnar er Björn Snæbjörnsson – bjorn@eining-idja.rl.is.



HÖNNUN: NORDANTVEIR

Uppáhald allra



GLERÁRGÖTU 20 Sími 460 1600



Sími 581 3300 • Allan sólarhringinn ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÉR UM OG ÚTVEGAR:

- Útfararstjóri tekur að sér umsjón útfarar í samráði við prest og aðstandendur.
- Flytja hinn látna af dánarstað í líkhús.
- Koma á sambandi við þann prest sem aðstandendur óska eftir.
- Aðstoða við val á kistu og líkklæðum.
- Búa um lík hins látna í kistu og snyrta ef með þarf.
- Fara með tilkynningu í fjölmiðla.
- Stað og stund fyrir kistulagningu og útför.
- Legstað í kirkjugarði.
- Organista, sönghópa, einsöngvara, einleikara og/eða annað listafólk.
- Kistuskreytingu og fána.
- Blóm og kransa.
- Sálmaskrá og aðstoðar við val á sálum.
- Dánarvottorð og líkbrennsluheimild.
- Duftker ef líkbrennsla á sér stað.
- Sal fyrir erfidrykkju og gestabók ef óskað er.
- Kross og skilti á leiði.
- Legstein.
- Flutning á kistu út á land eða utan af landi.
- Flutning á kistu til landsins og frá landinu.

Útfararstofa Íslands • Suðurhlíð 35 • Fossvogi
- www.utforin.is



Veldu trausta framtíð

Lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er hagkvæm sparnaðarleið til að tryggja tekjur eftirlaunaáranna. Þú getur valið á milli þriggja leiða Lífvals eftir því sem þér hentar best.

Sýndu fyrirhyggju og mættu starfslokum brosandí.

Horfðu fram á við og njóttu stuðnings Sparisjóðsins til að ná settu markmiði.

Taktu ákvörðun núna - það er auðvelt að byrja.

Komdu í heimsókn í næsta Sparisjóð eða kíktu á www.spar.is.



Orlofshús í Danmörku og á Spáni

Á komandi sumri gefst félagsmönnum í Einingu-Íðju kostur á að leigja sér orlofshús í Danmörku og á Spáni eins og í fyrra. Eining-Íðja og STAK hafa þessi hús saman á leigu fyrir félagsmenn sína sem vilja komast út fyrir landsteinana í sumarfríinu.

Upphaflega var auglýstur frestur til að skila inn umsóknum 20. febrúar og er úthlutun lokið samkvæmt þeim umsóknum sem þá bárust en þó eru enn nokkrar vikur lausar. Upplýsingar um lausar vikur og móttaka umsókna er á skrifstofu Einingar-Íðju, Skipagötu 14 á Akureyri, í síma 460 3600 eða í netfanginu sigrun@eining-idja.rl.is.

Einbýlishús á Jótlandi

Húsið í Danmörku er 90 fermetra einbýlishús við Neesvej 53B, 7570 Vemb við Nissumfjörð á Jótlandi. Boðið er upp á leigu í eina eða tvær vikur frá júní fram í september og miðast leigan við tímabilið frá miðvikudegi til miðvikudags.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi með rúmum fyrir fjóra en einnig fylgja 5 lausar dýnur. Sængurfatnað er hægt að leigja á staðnum. Allur venjulegur búnaður er í húsinu. Borðbúnaður er fyrir átta manns.

Verð fyrir leigu á húsinu á Jótlandi í eina viku er 20 þúsund krónur og til viðbótar er leiguverð fyrir rúmföt, 350 krónur á settið, ef sá kostur er nýttur.

Skammt frá Alicante á Spáni

Húsið á Spáni er 60 fermetra einbýlishús við Calle Paris 35, La Marina urb. San Fulgencio og er í um 17 kílómetra fjarlægð frá hinum vinsæla ferðamannastað Alicante. Boðið er upp á leigu í eina eða tvær vikur og er miðað við leigu tímabilið frá miðvikudegi til miðvikudags.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi með rúmum fyrir þrjá en einnig er svefnsófi í stofu og ein aukadýna. Sængurfatnaður og handklæði



Orlofshúsið í Danmörku er um 90 fermetrar að stærð.



Orlofshúsið sem félagið hefur til leigu á Spáni er skammt frá Alicante.

fylgja húsinu sem og allur venjulegur búnaður. Borðbúnaður er fyrir sex manns.

Verð fyrir leigu á húsinu á Spáni í eina viku er 20 þúsund krónur.

Úthlutun orlofshúsa:

Punktakerfi tryggir sanngirni

Það er mjög eftirsótt meðal félagsmanna Einingar-Íðju sem og annarra landsmanna að fá að dvelja í orlofshúsum í einhvern tíma í sumarleyfum eða á öðrum tíma. Því þarf að vanda til úthlutunar til þess að allrar sanngirni sé gætt.

Til þess að gæta sem mestrar sanngirni við úthlutun orlofshúsa og -íbúða hefur félagið notað og þróað punktakerfi sem þykir hafa reynst vel. Hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til félagsins. Engu máli skiptir

hve há upphæð félagsgjaldsins er í hverjum mánuði. Þeir sem síðan hafa safnað flestum punktum þegar kemur að úthlutun ganga fyrir þegar mikil ásókn er í húsin. Þegar félagsmaður fær úthlutað tíma í orlofshúsi dregst tiltekinn punktafjöldi frá inneign viðkomandi þannig að tryggt er að þeir sem fá úthlutað dvöl í orlofshúsi eru ekki áfram efstir á blaði en halda þó auðvitað áfram að safna sér punktum fram að úthlutun næsta árs með því að greiða félagsgjöld.

Frádráttur orlofspunkta er mismun-

andi eftir tímabilum og eftir því hvað er leigt:

- * Orlofshús á tímabilinu 11. júní til 27. ágúst, 36 punktar.
- * Orlofshús fyrir 11. júní eða eftir 27. ágúst, 24 punktar.
- * Orlofshús 23 á Illugastöðum, sem ekki hefur verið endurnýjað eins og önnur hús, 18 punktar.
- * Styrkur til leigu á tjaldvagni, 18 punktar.
- * Orlofshús á Spáni og í Danmörku, 18 punktar.



Hafnarstræti 92
Sími 462 1818
www.bautinn.is



Vinningshafar í jólagetraun

Rétt svar við getrauninni í félagsblaðinu í desember var:
„Maríuhöfn og nágrenni skoðað“, en spurt var um hvað gert yrði
í fyrirhugaðri orlofsferð félagsins til Skandinavíu þann 7. júní.

Eftirtalдар voru dregnar út og hljóta verðlaun:


1. Vikudvöl í orlofshúsi í eigu Einingar-Íðju
að eigin vali sumarið 2004 –

Jónína Sveinbjörnsdóttir á Akureyri.

2.-3. Vöruúttekt að upphæð 10 þúsund krónur í Nettó –
Arnheiður Kristinsdóttir á Akureyri
og Þuríður Þorláksdóttir á Akureyri.



Lífvernd – lífeyrissparnaður fyrir ungt fólk



70% af launum í 7 ár.

Er ekki kominn tími til að uppfæra
lífeyrissparnaðinn?

Leitaðu nánari upplýsinga hjá ráðgjafa
Landsbankans í næsta útibúi.

Sími: 560 6000 www.landsbanki.is

Nýjung í lífeyrismálum Íslendinga

Lífvernd er lífeyrissparnaður sem safnast upp frá ári til árs. Uppsöfnuð sparnaðar-
fjárhæð er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Komi hins vegar til fráfalls viðkomandi
einhvern tíma á söfnunartímanum, eru erfingjum tryggð allt að 70% af heildarlaunum
í 7 ár án tillits til þess sem þegar hefur safnast.

Þín framtíð byrjar núna

Þrjár orlofsferðir í sumar

Að venju efnir Eining-Iðja til orlofsferða á komandi sumri. Gleðilegt er að geta sagt frá því að nægilega margir hafa tilkynnt þátttöku sína í Skandinavíuferð félagsins og er staðfest hér með að sú ferð verður farin. Enn eru þó laus sæti í þá ferð og er tekið við skráningum í hana á skrifstofu félagsins.

Uppselt í óbyggðaferð um Austurland

Það tók ekki marga daga að fullbóka í óbyggðaferð félagsins um Austurland. Nokkrir eru þegar komnir á biðlista fyrir þá ferð ef ske kynni að einhverjir forfölluðust. Farið verður í fjögurra daga síðsumarferð 10.-13. ágúst um Austurland.

Ferð fyrir eldri félagsmenn

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-Iðjufélaga verður farin laugardaginn 14. ágúst. Farið verður út í Flatey á Skjálfanda. Ekið verður með rútu til Dalvíkur, þar sem stigið verður um borð í Sæfara og siglt til Flateyjar. Á heimleið verður komið við í Hrísey og drukkið kaffi. Ferðin kostar 2.000 krónur á mann.

Skandinavíuferð 31. maí-10. júní

Eins og áður hefur verið nefnt hafa nægilega margir félagsmenn skráð sig til farar um Skandinavíu til þess að ferðin verður farin. Þar sem enn eru laus sæti í ferðina er því endurtekið hér það sem birt var í blaðinu í desember og er á vef félagsins um ferðatilhögun.

Dagskrá ferðarinnar er í grófum dráttum sem hér segir:
31. maí: Flogið út kl.13:15, lent í Kaupmannahöfn um kl. 18:15. Gist í nágrenni Kaupmannahafnar.

1. júní: Ekið til Norrköping í Svíþjóð og gist þar.
2. júní: Haldið til Stokkhólms, bæjarferð áður en farið er um borð í ferju til Helsinki (nætursigling).

3. júní: Komið um kl. 10:00 að morgni til Helsinki, farið á hótél og borgin skoðuð.

4. júní: Borgin og næsta nágrenni skoðuð.

5. júní: Frjáls dagur í Helsinki

6. júní: Farið til Turku og þaðan tekin ferja kl. 21:00 til Mariuhafnar á Álandseyjum. Komið þangað um kl. 1:00 eftir miðnætti og gist.

7. júní: Mariuhöfn og nágrenni skoðuð.

8. júní: Tekin ferja til Stokkhólms og þaðan ekið til Linköbing og gist.

9. júní: Farið frá Linköbing til Kaupmannahafnar og gist síðustu nóttina.

10. júní: Flogið til Keflavíkur með Icelandair, lent um kl. 15:10.

Gist verður í tveggja manna herbergjum nema í ferjunum, þar er gist í fjögurra manna klefum.

Verð á mann er kr. 99.500.- (Miðað við gengi í nóvember 2003).

Innifalið í verðinu er: Flug og skattar, akstur erlendis, ferjusiglingar, gisting og morgunverður alls staðar, nema í ferjunum.

Ekki innifalið: Ferðir Akureyri-Keflavík-Akureyri. Aðgangseyrir að stöðum sem skoðaðir verða. Fæði, annað en morgunverður.

Boðið verður upp á ferð Akureyri-Keflavík-Akureyri, landleiðina, fyrir þá sem vilja fyrir um það bil 5.000 krónur á mann.

Öndurkræft staðfestingargjald er kr. 5.000.- Leiðsögumaður verður með í för. Bílstjóri verður Sveinn Sigurbjarnarson, leiðsögumaður verður Sigurbjörg Árnadóttir, fyrrverandi fréttaritari Útvarpsins í Helsinki, og fararstjóri Björn Snæbjörnsson. Skráning í ferðina hefst 5. janúar 2004 á skrifstofu félagsins á Akureyri í síma 460 3600. Hægt er að greiða fyrir ferðina með greiðslukorti.

Dregin verða 10 orlofspunktar af þeim sem fara í ferðina.

Atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning

Samþykkt var á fundi samninganefndar Einingar-Iðju þriðjudaginn 9. mars að afgreiða nýgerðan kjarasamning SGS og SA með póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna. Umslög með atkvæðaseðlum og kynningarriti um samninginn hafa þegar verið send félagsmönnum en síðasti skiladagur kjörgagna er kl. 17:00 þriðjudaginn 23. mars. Reiknað er með að niðurstaða úr atkvæðagreiðslunni verði kynnt sameiginlega af Starfsgreina-sambandinu mánudaginn 29. mars.



Fulltrúar Einingar-Iðju í samningatörninni á dögunum, frá vinstri: Björn Snæbjörnsson, Þorsteinn J. Haraldsson, Matthildur Sigurjónsdóttir og Anna Júlíusdóttir.

Nýr kjarasamningur

Fulltrúar Einingar-Iðju hafa staðið í ströngu undanfarna mánuði í kjaraviðræðum. Að baki kjarasamningsins sem undirritaður var á dögunum liggur

mikil vinna og margra mánaða undirbúningur fjölda fólks á vegum Einingar-Iðju sem og annarra verkalýðsfélaga og samtaka sem að samningunum koma og

af hálfu atvinnurekenda. Hér eru til gamans nokkrar myndir frá lokatörnninni sem Þorsteinn J. Haraldsson og fleiri tóku þegar stund gafst milli stríða.





NORÐURORKA
VATN · RAFORKA · VARMI
undirstaða lífs, heilsu og velmegunar



www.no.is

RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI
 Sími: 460 1300 · FAX: 460 1301 · NETFANG: nordurorka@akureyri.is



SJÓVÁTT ALMENNAR
 Þeir tryggja vel sem tryggja hjá okkur

Strandgötu 3
 600 Akureyri
 Sími 460 6464
sjova.is

A topographic map of Iceland, color-coded by elevation. The map shows the country's coastline, major roads (red lines), and numerous cities and towns (black dots with labels). The terrain is predominantly orange and yellow, indicating high elevation, with green areas representing lower elevations and blue areas representing water bodies. The map includes labels for cities such as Reykjavík, Akureyri, and Siglufjörður, as well as geographical features like Lake Thóris and Lake Thóris.

Eining - lðja																			
Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði félagsins 2004.																			
	Stærð	Svefnpl.	Barnarúm	Sængur	Lín	Handklæði	Klútar	Sturta	Ísskápur	Eldavél	Örb.ofn	Borðbún.	Grill	Útvarp	Sjónvarp	H. pottur	Skiptid.	Verð A	Verð B
Illugastaðir	45	8	umsjónm.	8	*	nei	já	já	já	já	já	8	já	já	já	**	föstud.	14000	12000
Einarsstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	*	já	já	já	já	já	10	já	já	já	nei	föstud.	14000	12000
Flókalundur, Vatnsfirði	40	5	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	já	já	já	**	föstud.	14000	12000
Tjarmargerði	81	9	nei	9	nei	nei	já	já	já	já	nei	8-12	já	já	já	nei	föstud.	14000	12000
Svignaskarð	36	6	umsjónm.	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	8	já	já	já	já	föstud.	15000	13000
Útgarður 6, Egilsst.	81	6	nei	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	já	já	já	nei	föstud.	15000	15000
Ljósheimar 12a, R.vík	96	6	já	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	15000	15000
Ljósheimar 14a, R.vík	82	6	já	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	15000	15000
Leigu- og skiptibústaðir																			
Einarsstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	*	já	já	já	já	já	10	já	já	já	nei	föstud.	14000	12000
Garðshorn	44	6 +	nei	6	já	já	já	já	já	já	já	8	já	já	já	nei	föstud.	14000	12000
Munaðarnes/Stóruskógar	52	6	umsjónm.	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8	já	já	já	já	föstud	15000	13000
Klifabotn	50	6	já	8	nei	nei	nei	já	já	já	já	12	já	já	já	nei	föstud	14000	12000
Snorrastaðir	45	6	umsjónm.	6	*	nei	já	já	já	já	nei	6	já	já	nei	já	föstud	15000	13000
Súðavík	90	6	nei	6	nei	nei	nei	já	já	já	nei	6-10	já	já	já	nei	föstud	14000	12000
Brekuskógur	46	6	já	6	*	*	já	já	já	já	nei	6-10	já	já	já	já	föstud.	15000	13000
Mjúkaból v/Flúðir	50	4 +	já	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	10-12	já	já	já	já	föstud	15000	13000
Ólfusborgir	50	6	já	7	*	nei	nei	já	já	já	já	8	já	já	já	já	föstud	15000	13000
* Fæst gegn gjaldi hjá umsjónarmanni.																			
** Heitur pottur við sundlaug.																			
+ Svefnloft																			
Verð A gildir frá 11. júní til 27. ágúst																			
Verð B gildir frá 28. maí til 11. júní og frá 27. ágúst til 17. sept.																			
Verð íbúða í Revkiavík og Egilsstöðum er 15.000.- vikan.																			

EINING-IDJA

Kennitala:

Póstfang:

Vinnusími:

Athugið að bær vikur eru skygðar eru ekki til úthlutunar.

Vikunúmer

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
28.mai til	4.jún til	11.jún til	18.jún til	25.jún til	2.júl til	9.júl til	16.júl til	23.júl til	30.júl til	6.ágú til	13.ágú til	20.ágú til	27.ágú til	3.sep til	10.sep til
4.jún	11.jún	18.jún	25.jún	2.júl	9.júl	16.júl	23.júl	30.júl	6.ágú	13.ágú	20.ágú	27.ágú	3.sep	10.sep	17.sep

Landssvæði

[illegible]

Vikuerð í húsum með potti er kr. 15.000 nema tímabilin 28. maí -11. júní og 27. ág. - 17. sept. er vikan leið á 13.000
 Vikuerð í húsum án potts er kr. 14.000 nema tímabilin 28. maí -11. júní og 27. ág. - 17. sept. er vikan leið á 12.000
 Vikuerð í íbúðunum í Reykiavík og Egilsstöðum er kr. 15.000

Síðasti skiladagur umsóknar er 14. apríl 2004

EINING-İDJA, SKIPAGÖTÜ 14, 600 AKUREYRI, SÍMI 460-3600, SÍMBRÉF 460-3601

Eining-löja

Skipagötu 14

600 Akureyri

Fyrir
frimerki

Orlofshúsin 2004



Illugastaðir í Fnjóskadal

Orlofsparadís allt árið

Orlofshúsabyggðin á Illugastöðum í Fnjóskadal er fyrir löngu vel kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Illugastaðir eru sívinsæll sumardvalarstaður.

Eining-Iðja á samtals þrettán orlofshús að Illugastöðum en nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarfélaganna í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu. Eins og fram hefur komið í félagsblaði Einingar-Iðju og glögglega má sjá á myndunum hér til hliðar hafa bústaðir félagsins á Illugastöðum verið endurnýjaðir og eru nú glæsilegri en nokkru sinni.

Illugastaðir eru ákaflega vinsæll orlofsdvalarstaður ekki síst meðal félagsmanna Einingar-Iðju, enda er ekki löng ferð úr Eyjafirðinum yfir í Fnjóskadal (50 km frá Akureyri).



Fnjóskadalur státar af náttúrufegurð og er dalurinn sannkölluð perla fyrir náttúruunnendur, sérstaklega þá sem áhuga hafa á gönguferðum, jafnt að sumri sem vetri.

Í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum eru svefnpláss fyrir átta manns í hverju húsi. Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur

pottur, gufubað og lítill verslun í þjónustumiðstöðinni. Leikvöllur er á svæðinu með skemmtilegum leikþækjum fyrir börnin. Stutt er yfir í Vaglaskóg þar sem miklir möguleikar eru til gönguferða.

Lyklar að orlofshúsunum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.

Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit

Stutt að fara - gott að vera

Sumum hentar betur að komast í orlofshús í næsta nágrenni við heimabyggð sína í stað þess að þurfa að aka um langan veg. Fyrir þá sem eru tímabundnir en vilja samt komast í gott frí og róandi umhverfi er nokkurra ára gamalt hús, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit mjög góður kostur.

Eining-Íðja á Tjarnargerði ásamt Bílstjórufélagi Akureyrar og Vörubílstjórufélaginu Val og hefur því aðeins aðra hverja viku til úthlutunar fyrir félagsmenn. Húsið er vel búið og allt hið glæsilegasta með öllum þeim þægindum sem flestir vilja hafa í orlofshúsum. Í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns.

Ekki þarf að spyrja að náttúru- fegurðinni fremst í Eyjafirðinum og frá Tjarnargerði er til dæmis örstutt í Leyningshóla og fleiri náttúruperlur. Í Tjarnargerði sameinast þeir kostir



að þangað tekur stuttan tíma fyrir félagsmenn Einingar-Íðju að fara og þar er gott að vera, slaka á og safna orku í sumarfríinu.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Einarsstaðir á Héraði

Austurland allt innan seilingar

Viðfræg veðurbliða Fljótsdalshéraðs ásamt náttúrufegurð ætti að tryggja ánægjulega dvöl í orlofshúsunum á Einarsstöðum á Héraði. Óhætt er að fullyrða að Fljótsdalshérað er eitt hið veðursælasta á landinu.

Í orlofshúsahverfinu á Einarsstöðum hefur Eining-Íðja til umráða þrjú nýlega uppgerð hús. Þau eru öll af sömu gerð, með svefnplássi fyrir átta manns. Einarsstaðir hafa notið mikilla vinsælda sem orlofsdvalarstaður og hafa verið með eftirsóttustu stöðum félagsins, meðal annars vegna hinnar rómuðu veðurbliðu. Einarsstaðir eru einnig vel staðsettir fyrir þá sem vilja nýta fríið í að ferðast og njóta þess að skoða nokkrar af helstu náttúruperlum landsins – en vilja um leið hafa fastan samastað í orlofshúsi. Margar af helstu náttúruperlum eru innan seilingar og af Héraði er stutt til allra



staða á Austurlandi. Frá Einarsstöðum er jafnframt stutt í alla nauðsynlega þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn því staðurinn er aðeins tólf kílómetrum sunnan Egils-

staða, miðja vegu milli Egilsstaða og Hallormsstaðar.

Lyklar að húsunum eru afhentir í húsi nr. 32, sem er við stóra bílastæðið við eldri byggðina.

Eining-Iðja þakkar eftirtöldum fyrir veittan stuðning



Sparisjóður Höfðhverfinga
Ægissíðu 7 601 Grenivík
Sími: 463-3160 Fax: 463-3217



Sparisjóður Svarfdæla - Dalvík
Ráðhúsi • Sími: 466 1600 • Fax: 466 1249



www.flytjandi.is



SAMHERJI HF

www.samherji.is



Akureyri



SJÁLFSBJÖRG
Akureyri



www.kjarnafaedi.is



KAUPANGI V/ MYRAKVEIÐ 602 AKUREYRI

SÍMAR 24800 & 24830 POSTISÍOLF 498



www.byko.is



eyjafjordur.is/afe.is

Atvinnuþróunarfélag
Eyjafjarðar



SPARISJÓÐUR ÓLAFSFIJÐAR

Aðalgötu 14 • 625 Ólafsfjörður • Sími: 460-2700 • Fax: 460-2701

www.spol.is

Penninn Bókval Akureyri
Hafnarstræti 91-93
sími 461 5050, fax 461 5051
www.penninn.is



SÉRVERSUN Í 70 ÁR



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



KB BANKI

Sniðinn að framtíðarþörfum



GRÝTUBAKKAHREPPUR



VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF

- þar sem tryggingar snúast um fólk

Þar sem tryggingar snúast um fólk

www.vis.is



VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF

- þar sem tryggingar snúast um fólk

Orlofsíbúð á Egilsstöðum

Einstök veðursæld

Hverjum þykir sinn fugl fagur og víða um land vill fólk gera tilkall til þess að heimahéraðið sé hið veðursælasta á landinu. Eitt þeirra svæða sem áreiðanlega á möguleika á því að hafa vinninginn í þeirri „samkeppni“ er Fljótsdalshérað.

Eining-Íðja á íbúð í fjölbýlishúsinu við Útgarð 6 á Egilsstöðum og nýtur sú íbúð mikilla vinsælda – væntanlega ekki síst vegna hinnar rómuðu veðursældar á Héraði.

Egilsstaðir eru höfuðstaður Austurlands og þaðan liggja vegir til allra átta. Það ætti því að vera hægur vandi að dvelja í orlofsíbúð á Egilsstöðum og skipuleggja þaðan ferðir um nánast allt Austurland án þess að þurfa að gista annars staðar. Á Egilsstöðum er hægt að fá alla þá þjónustu sem ferðafólk þarf á að halda, meðal annars er þar glæsileg



sundlaug sem upplagt er að nýta og njóta.

Íbúð Einingar-Íðju á Egilsstöðum er þriggja herbergja og að sjálfsögðu búin öllum helstu heimilistækjum.

Íbúðin er á neðstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Við hana er góður sól-pallur og skjólveggir.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu Einingar-Íðju í Skipagötu 14 á Akureyri.

Klifabotn í Lóni

Í skjóli jökulsins

Tiltölulega nýlegt orlofshúsasvæði í Klifabotni í Lóni hefur reynst vinsælt meðal félagsmanna Einingar-Íðju. Þar ríkir enda skaftfellsk kyrrð og veðursæld í skjóli stærsta jökuls Evrópu, Vatnajökuls.

Klifabotn, þar sem orlofshús sem félagið leigir stendur ásamt nokkrum öðrum, er í Þórisdal í Lóni, skammt austan við Laxá, og stendur við Strandaháls í Bæjarhreppi, sem nú er reyndar hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði.

Eining-Íðja hefur til umráða eitt hús í Klifabotni, rúmgott og vel búið. Í hverfinu er leikvöllur fyrir börnin og sameiginleg gufubaðsstofa fyrir orlofshúsabyggðina. Um 30 kílómetrar eru frá Klifabotni að Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreytt þjónusta, meðal annars sundlaug og golfvöllur. Svæðið býður upp á skemmti-



lega ferðamöguleika, hvort heldur fólk vill ferðast á bílum, hestum eða á tveimur jafnfljótum. Umhverfið er ægifagurt og stórbrotið og meðal

annars stutt í hin rómuðu Lónsöræfi. Fjallahringurinn, sem skýlir Lónsbúum og gestum þeirra, er fagur með Eystra- og Vestra-Horn sem útverði.

Mjúkaból við Flúðir

Vegir liggja til allra átta

Í landi Ásatúns í um fimm kílómetra fjarlægð frá Flúðum í Hrunamannahreppi hefur Eining-Íðja orlofshús á leigu. Húsið heitir Mjúkaból.

Mjúkaból er aðeins nokkurra ára gamalt, um 50 fermetrar að stærð með tveimur svefnherbergjum og með heitum potti. Húsið stendur utan í hlíð og þaðan er fallett útsýni um uppsveitir Árnassýslu.



Flúðir í Hrunamannahreppi eru góður staður fyrir þá sem vilja dvelja á Suðurlandi og ferðast um það svæði en hafa þó fasta „búsetu“ á einum stað. Stutt er frá Flúðum um allt Suðurland að segja má því staðurinn er miðsvæðis og greiðar samgöngur til allra átta. Á Flúðum er að auki fjölbreytt þjónusta við ferðamenn, meðal annars sundlaug, golfvöllur, veitingasala, verslun og fleira.

Garðshorn í Ölfusi

Einvera og gott næði

Í landi Bakka II í Ölfusi stendur orlofshúsið Garðshorn. Húsið er um 100 metra frá þjóðveginum til Þorlákshafnar, um 6 kílómetra frá Hveragerði.

Fyrir þá sem vilja vera í næði og útaf fyrir sig er gott að dvelja í Garðshorni því húsið stendur ekki í orlofshúsabyggð heldur eitt og sér. Engu að síður er örstutt í alla þjónustu því Garðshorn er í aðeins um 6 kílómetra fjarlægð frá Hveragerði og þar með ekki heldur langt

til Selfoss eða höfuðborgarsvæðisins.

Meðal þess sem finna má í næsta nágrenni Garðshorns í Ölfusi eru manngerðir hellar uppi í hlíðinni ofan við húsið. Þaðan er einnig mjög víðsýnt um Suðurlandsundirlendið. Í Garðshorni eru tvö svefnherbergi og svefnpláss fyrir 6-8 manns. Pallur hefur verið stækkaður við húsið og gestahús byggt.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Starfsmaður!

Gleymdist að kjósa Öryggistrúnaðarmann á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa **öryggistrúnaðarmaður** og **öryggisvörður**.
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa **öryggisnefnd**.
- Þar sem starfa færri en 10 manns annast **atvinnurekandi** eða **verkstjóri** vinnuverndarmál í samstarfi við starfsmenn og **félagslegan trúnaðarmann**.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@ver.is - www.ver.is

Öryggistrúnaðarmaður!

Öryggisvörður!

Trúnaðarmaður stéttarfélags!

Verkstjóri! Stjórnandi!

Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil vinnuverndarstörf heldur Vinnueftirlitið

NÁMSKEIÐ

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.
Leitið upplýsinga um næsta námskeið.

Brekuskógur í Biskupstungum

Allt til alls

Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofsdvalarsvæða á landinu og ekki að ástæðulausu. Svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofshúsagesti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu, fallegt umhverfi og fjölbreytta möguleika til þess að njóta þess sem hver og einn vill fá út úr frínu sínu.

Eining-Iðja hefur til afnota tvö orlofshús í Brekkuskógi og hafa þau bæði verið endurnýjuð nýlega. Við húsin er meðal annars verönd með heitum potti. Aðstaða fyrir gesti er öll eins og best gerist. Í orlofshúshverfinu í Brekkuskógi er þjónustumiðstöð þar sem er meðal annars sjónvarp, myndbandstæki, sími, bókasafn, spil og salur til sameiginlegra afnota fyrir gesti. Þar er einnig baðhús með gufuböðum, heitum pottum og sturtum. Lítill leikvöllur er á svæðinu og aðstaða til að spila mínigolf.

Stutt er úr Biskupstungunum yfir í byggðakjarnann við Laugarvatn og raunar má segja að „stutt“ sé úr Bisk-

upstungunum um allt Suðurland þar sem margar af helstu náttúruperlum landsins er að finna. Í Árnessýslu er jafnframt umfangsmikil þjónusta við ferðamenn og því af nógu að taka fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Brekkuskógi og vilja leita sér afþreyingar í nágrenninu.



Lyklar að orlofshúsunum sem Ein- ing-Iðja hefur til umráða í Brekkuskógi eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.



Ölfusborgir

Rótgróið orlofshúshverfi á besta stað

Í fögru umhverfi Hveragerðis og nágrennis er rótgróið orlofshúshverfi, Ölfusborgir, sem margir kannast við af eigin raun eða af afspurn. Eins og með önnur orlofshúshússvæði í Árnessýslunni gildir um þetta svæði að þaðan er stutt í alla hugsanlega þjónustu og stutt í margar af helstu náttúruperlum landsins.

Orlofshúsið sem félagsmenn Ein- ingar-Iðju geta tekið á leigu í Ölfusborgum er 50 fermetrar að stærð með sex svefnplássum og barnarúmi. Sængur eru í húsinu og lín fæst leigt hjá umsjónarmanni gegn gjaldi. Allur hefðbundinn búnaður er í húsinu, svo sem sturta, ísskápur, eldavél, örbylgjuofn, borðbúnaður



fyrir átta manns, grill, útvarp, sjón- varp og svo það sem mörgum finnst

orðið ómissandi í orlofinu; heitur pottur.

Munaðarnes/Stóruskógar í Borgarfirði

Náttúrufegurð við Norðurá

Orlofshúsaðverfin í Munaðarnesi og Stóruskógum hafa notið vinsælda meðal landsmanna um árabil enda er þjónusta við ferðamenn á þessu svæði komin í mjög fastar skorður, aðstaðan eins og best verður á kosið og möguleikarnir óþrjótandi.

Eining-Iðja hefur til umráða tvö hús í Munaðarnesi og eitt í Stóruskógum. Bætt hefur verið við heitum pottum við húsin.

Það sem fram kemur hér á síðunni um kosti og möguleika sem fylgja dvöl í orlofshúsum í Svignaskarði í Borgarfirði gildir alveg jafnt um þau orlofshús sem félagið hefur til umráða

í Munaðarnesi og Stóruskógum í Borgarfirði. Í Munaðarnesi og Stóruskógum eru tvö aðskilin orlofshúsaðverfi sem eru hvort sínu megin þjóðvegur 1 en þjónustumiðstöðin í Munaðarnesi er sameiginleg fyrir bæði hverfin.

Fjölmarginir möguleikar eru til afþreyingar og slökunar í Borgarfirðinum sem of langt mál væri að telja upp hér. Veðursæld Borgarfjarðar er mikil og skjólgott í orlofshúsaðverfunum. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í nágrenni orlofshúsaðverfanna, til dæmis upp með hinni frægu og fögru Norðurá. Í Borgarnesi er síðan ein af glæsileg-

ustu sundlaugum landsins. Borgarfjörðurinn hefur upp á fjölmargt annað að bjóða, hvort heldur dvalargestir eru að leita eftir menningarviðburðum, sögustöðum, náttúru- fyrirbærum, útivistarmöguleikum eða annarri afþreyingu til að lífga upp á sumarfríð.



Svignaskarð í Borgarfirði

Býsna fjölbreytt í Borgarfirðinum



Borgarfjörðurinn hefur um árabil notið vinsælda sem sumardvalarstaður og þar er öll þjónusta við ferðamenn í föstum skorðum, þar sem ganga má að gæðunum vísun en um leið fjölbreytni og frumleika.

Stór orlofshúsaðverfi hafa byggst upp í Borgarfirðinum á vegum fjölmargra stéttarféлага og landssambanda. Eitt þessara orlofshúsaðverfa er í Svignaskarði. Þar hefur Eining-Iðja til umráða eitt hús með svefnplássi fyrir sex

manns. Þjónustumiðstöð er á svæðinu þar sem dvalargestir hafa aðgang að böðum og gufubaði. Leiktæki fyrir börn er víða að finna á þessu svæði, tveir sparkvellar eru í hverfinu og mínigolfvöllur.

Margar skemmtilegar gönguleiðir liggja frá orlofshúsunum og stutt er í frábærar sundlaugar, til dæmis í Borgarnesi og á Varmalandi. Í Borgarfirðinum er margt að sjá og mjög fjölbreyttir möguleikar til afþreyingar og útiveru.

Snorrastaðir í Kolbeinsstaðahreppi

Eldborg og Löngufjörur í túnfætinum

Að Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi, á sunnanverðu Snæfellsnesi, niður við sjó alveg við hinar geysiskemmtilegu Löngufjörur og í nágrenni Eldborgar, eru nokkur orlofshús – og þangað eiga félagar í Einingu-Iðju möguleika á að komast.

Fyrir þá sem reynt hafa þarf ekki að útlista að dvöl á Snæfellsnesi og ferðalag um nesið eru óviðjafnanleg. Í um það bil eins kílómetra fjarlægð frá Þjóðvegnum, að Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi, er lítið orlofshúsahverfi þar sem félagið hefur tekið hús á leigu fyrir félagsmenn sína. Kolbeinsstaðahreppur tilheyrir

Snæfellsnesi en er á mörkum Mýra og Snæfellsness og státar meðal annars af hinu þekktu eldfjalli Eldborg – sem oftast er kennt við Mýrar.

Þetta svæði er afar sérstakt hvað náttúrufar varðar og má, auk Eldborgar og Löngufjara, nefna Gullborgarhraun og svo fjölmarga áhuga-verða staði vestar á Snæfellsnesi, auk þess sem stutt er úr Kolbeinsstaðahreppi í Borgarnes og Borgarfjörð eða vestur í Dali um Heydalsveg. Meðal afþreyingarmöguleika á Snorrastöðum eru veiði og hesta-



ferðir, auk gönguferða og náttúru-skoðunar að sjálfsögðu.

Pallar við húsin á Snorrastöðum hafa verið stækkaðir og komið fyrir heitum pottum. Gestir í orlofshúsum á Snorrastöðum eiga kost á 20% afslætti af hestaleigu á virkum dögum.

Flókalundur í Vatnsfirði

Saga og fegurð við hvert fótmál

Líklega þekkja færri fegurð Vestfjarðakjálkans af eigin raun en ým-issa annarra svæða á landinu – en fegurðin er ekki minni fyrir þá sök. Vatnsfjörður á Barðaströnd er fullur af sögu og þar er fagurt um að litast.

Flókalundur í Vatnsfirði hefur um árabíl verið meðal vinsælli sumar-dvalarstaða landsins. Vatnsfjörður er á Barðaströnd – á „suðurströnd“ Vestfjarðanna – og þar er veðursælt, gróður-sælt og skjólgott. Fjölmargir áhuga-verðir staðir eru í nágrenninu og má nefna Látrabjarg og Rauðasand. Ótal tækifæri eru fyrir þá gesti sem njóta vilja náttúruskoðunar og sagan er við hvert fótmál í Vatnsfirði. Þar er talið að Hrafna-Flóki hafi dvalið þegar hann gaf Íslandi nafn og þá meðal annars gengið upp á Lónfell.

Í Flókalundi er þjónustumiðstöð með verslun og veitingastað. Einnig er þar nýleg sundlaug. Þá er vert að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Það eru því margir möguleikar til styttri og lengri ferða fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Vatnsfirði.



Súðavík

Miðsvæðis á Vestfjörðum

Eining-Iðja hefur haft íbúð á leigu í gamla þorpinu í Súðavík til afnota fyrir félagsmenn sína og svo verður áfram.

Íbúðin sem Eining-Iðja hefur á leigu á Súðavík er á efri hæð í tvílyftu húsi við Túngötu 20. Húsið hefur nýlega verið gert upp og er íbúðin öll hin glæsilegasta.

Segja má að Súðavík sé nokkuð miðsvæðis á norðanverðum Vestfjörðum þannig að dvöl þar er góður kostur fyrir þá sem vilja nýta frið sitt í að ferðast og skoða sig um á Vestfjörðum og þar er vissulega um marga skemmtilega staði að velja.



Stutt er frá Súðavík til Ísafjarðar og jarðgöngin gera það að verkum að mun auðveldara er en áður fyrr að ná yfir stærri hluta Vestfjarðakjálkans og ferðast um sunnanverða Vestfirði þótt dvalið sé í Súðavík.

Íbúðir í Reykjavík

Þrjár íbúðir í Ljósheimum

Flestir sem nýta sér orlofsíbúðir vilja komast úr þéttbýlinu í kyrrð og víðáttu sveitanna til þess að slaka þar á og endurnýja orkuna – en ekki allir. Orlofsíbúðir í Reykjavík eru mikið notaðar.

Eining-Iðja á tvær orlofsíbúðir í Reykjavík, en sjúkrasjóður félagsins hefur þá þriðju til ráðstöfunar. Íbúðirnar þrjár eru í fjölbýlishúsum við Ljósheima, hver í sínu húsinu. Tvær íbúðanna eru fjögurra herbergja og

ein þriggja herbergja. Íbúðirnar njóta allar mikilla vinsælda og eru vel nýttar allan ársins hring, enda gefst félagsmönnum, með dvöl í íbúðunum, kostur á að njóta alls þess sem höfuðborgin hefur upp á að bjóða.

Ljósheimar eru miðsvæðis í borginni og stutt að fara þaðan meðal annars í Kringluna, miðbæinn og til nágrennasveitarfélaganna. Verslunarmiðstöðin í Glæsibæ er örskammt frá Ljósheimum og þá er til dæmis stutt í



Laugardalinn þar sem finna má fjölbreytta möguleika til afþreyingar.

Íbúðirnar þrjár eru búnar öllum helstu heimilistækjum og í hverri íbúð er svefnpláss fyrir sex manns.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Tjaldvagnar

Frelsi til að gista

Eins og í fyrrasumar mun félagið verja tiltekinni upphæð til niðurgreiðslu á leigu tjaldvagna í stað þess að vera með tjaldvagna til leigu.

Miðað er við að tíu félagsmenn fái styrk til að leigja sér tjaldvagn. Tjaldvagnastyrkurinn nemur 12.000 krónum og dragast 18 orlofspunktur af

félagsmanni sem nýtir sér þann styrk, eða helmingur miðað við punkta sem dragast af við leigu á orlofshúsi yfir hásumarið.

A large number of holiday chalets for rent

The first issue of the Union Magazine this year is, as usual devoted to holiday matters and the holiday chalets the union has at its disposal for renting out to members.

Union members can apply to rent a holiday chalet for one week in a particular place. Since, however, many often apply for the same place at the same time it is a good idea to apply for different places/ and or times as alternative options, up to six of which are permitted. You indicate in the table on page 13 which house you are applying for, adding the numbers 1, 2, 3 etc. if you apply for alternative options. The holiday chalets are then allotted on the basis of a credit system which the union has developed. Each member who pays to the union receives one credit point per month, regardless of job ratio or the amount paid in union dues. If more than one person applies for the same chalet at the same time, the one who

has accumulated the largest number of credit points is first choice. Then, to ensure that those who are not successful in renting a chalet have a better chance next time they apply, a special number of points is deducted from a union member who rents a chalet. The number of deducted credit points varies according to time and other factors. Unfortunately there is not enough space to translate information relating to the chalets into English. However, the location should be clear from the place names and by using the map of Iceland on page 12. The deadline for applying for holiday chalets is 14 April.

The union also has at its disposal holiday chalets in Spain and Denmark where there are still a few weeks available. For further information, please contact the union office where applications are also submitted.

Three holiday excursions

Eining-Iðja organises a holiday excursion to Scandinavia 31 May to 10 June. There are still a few unsold seats. Information regarding the details of the excursion and registration is available at the union office. The Union also organises two holiday excursions within Iceland. An excursion to the highland of East Iceland is sold out with a number of people on the waiting list. There is an excursion for senior union members to Flatey at Skjálíandi 14 August.

We also want to remind union members of their right to holiday pay and holiday bonus payments. At the time of writing, wage negotiations have not been completed so it is not clear what the holiday bonus will amount to this summer, since this depends on provisions in employment contracts.

Allt um orlofsgreiðslur og orlofstöku

Tryggið rétt ykkar í orlofsmálum

Mikilvægt er að félagsmenn fylgist vel með því að réttur þeirra til orlofstöku, orlofsgreiðslna og orlofsuppbótar sé virtur af vinnuveitanda. Hér að neðan er stiklað á helstu atriðum varðandi orlofsmálin og réttindi launþega.

Orlofsuppbót

Samkvæmt kjarasamningum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og er í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót. Hana skal greiða þegar fólk hefur orlofstöku, það er fer í sumarleyfi, eða eigi síðar en 15. ágúst.

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir tólf vikna samfelld starf á orlofsárinu, skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hið sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs.

Mismunandi eftir samningum

Rétt er að vekja athygli á að upphæð orlofsuppbótar er mismunandi eftir kjarasamningum.

Samkvæmt nýgerðum kjarasamningi SGS og SA verður orlofsuppbót félagsmanna á almennum vinnumarkaði 21.100 krónur í sumar. Óvíst er um upphæð orlofsuppbótar félagsmanna sem starfa hjá ríkisstofnunum þar sem ekki hafa tekist samningar við ríkið. Í fyrra var upphæðin sú sama og á almennum vinnumarkaði. Orlofsuppbót samkvæmt samningum við Launaneðnd sveitarfélaga er 10.400 krónur. Nefndar upphæðir miðast við fullt starf.

Reglur um orlof – samningar við Samtök atvinnulífsins

Eftirfarandi reglur gilda um útreikning orlofs fyrir félagsmenn sem taka laun samkvæmt samningum Starfsgreinasambandsins fyrir hönd aðildarfélaga þess við Samtök atvinnulífsins, það er á almennum markaði:

1. Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllum launum, hvort heldur er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.
2. Verkafólk sem unnið hefur í fimm ár hjá sama fyrirtæki skal eiga rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast verkafólk, sem unnið hefur í tíu ár hjá sama vinnuveitanda, 28 daga orlofsrétt (virkir dagar) og 12,07% orlofslaun. Starfsmaður sem öðlast hefur rétt til 28 daga orlofsréttar eftir tíu ára starf hjá einum vinnuveitanda öðlast aftur sama rétt eftir vinnu í þriðju ár hjá nýjum vinnuveitanda, enda hafi rétturinn verið sannreýndur. Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.
3. Sumarorlof er fjórar vikur, eða 20 virkir dagar, sem veita ber á tímabilinu frá 15. maí til 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem að ósk atvinnurekanda fá ekki tuttugu orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagoi á það sem á vantar.

4. Stéttarfélagunum er heimilt að semja um þá framkvæmd við einstaka launagreiðendur að orlofslaun séu jafnharðan greidd á sérstaka orlofsreikninga launþega í banka eða sparisjóði. Skal í slíkum samningi tryggt að sá sem tekur að sér vörslu orlofslauna greiði launþega þau við upphaf orlofstöku.
5. Veikist launþegi hér innanlands í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins, skal hann tilkynna vinnuveitanda það á fyrsta degi, til dæmis með símskeyti, og hjá hvaða lækni hann hyggst fá vottorð um veikindin. Fullnægi hann tilkynningar-skyldunni og standi veikindi ekki lengur samfelld en þrjá sólarhringa, á launþegi rétt á uppbótarorlofi í jafn langan tíma og veikindin sannanlega vörðu. Vinnuveitandi á rétt á að láta lækni vitja launþega sem veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á tímabilinu 1. maí til 15. september nema sérstaklega standi á.

Reglur um orlof – samningur við sveitarfélögin

Eftirfarandi reglur gilda um útreikning orlofs fyrir félagsmenn sem taka laun samkvæmt samningum Einingar-Íðju eða Starfsgreinasambandsins fyrir hönd aðildarfélaga þess við sveitarfélög eða Launaneðnd sveitarfélaga:

1. Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar eða 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllum launum, hvort heldur er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.
2. Starfsmaður, sem náð hefur þrjátíu ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki sem svarar til 24 vinnuskyldustunda eða þriggja daga í dagvinnu. Við fjörtíu ára aldur fær starfsmaðurinn enn að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda eða þriggja daga í dagvinnu.
3. Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur. Við þrjátíu ára aldur skal hann fá 11,59% og við fjörtíu ára aldur 13,04% orlofsfé. Taki starfsmaður laun eftir tímakaupi í dagvinnu greiðist orlofsfé einnig á dagkaupið. Starfsmaður á föstum mánaðarlaunum fær greidd dagvinnulaun í orlofi miðað við meðaltal starfshlutfalls á orlofsárinu. Á vaktálag starfsmanna í fastri, reglubundinni vaktavinnu reiknast ekki orlofsfé. Þess í stað skulu starfsmenn halda vaktálagsgreiðslum í sumarorlofi. Greiðslu vaktálags skal miða við meðaltal síðustu tólf mánaða fyrir upphaf nýs orlofsárs. Vaktálag er ekki greitt í helgidagafrii þótt það sé tekið í beinu framhaldi af sumarorlofi. Heimilt er stofnunum og stéttarfélagum að semja um aðra tilhögu þessara greiðslna og greiðist þá ekki orlofsfé á vaktálag.
4. Við niðurröðun orlofs skal að því stefnt að það byrji og endi á reglulegu fríi, nema samkomulag sé um annað. Fyrirsvarsmáður stofnunar ákveður í samráði við starfsmann hvenær orlof skuli tekið. Hann skal verða við óskum starfsmanns um hvenær orlof skuli tekið að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Að lokinni könnun á vilja starfsmanna, skal hann tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi 30. apríl hvenær orlof skuli hefjast, nema að sérstakar ástæður komi í veg fyrir það.
5. Þeir starfsmenn, sem samkvæmt ósk vinnuveitanda fá ekki fullt orlof á tímabili sumarorlofs, 15. maí til 30. september, skulu fá 33% lengingu á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan ofangreinds tíma.
6. Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími sem veikindunum nemur ekki til orlofs, enda sanni starfsmaðurinn með vottorði læknis að hann geti ekki notið orlofsins.



Yfirfallsvatn úr Krókslóni við Sigöldu

Ferðamenn velkomnir!

Virkjunarsvæði eru kjörin fyrir ferðamennsku og útivist.

Ímynd Íslands er hreint land og náttúrulegt. Umhverfissvæn og sjálfbær orkuvinnsla er einn af hornsteinum þeirrar ímyndar.

Sýning í Laxárstöð í Aðaldal

Hvað er með Ásum?

Höggmyndir Hallsteins Sigurðssonar og fróðleikur um goðin og heimsmynd þeirra.



Kraftur Kröflu!

Gestastofa í Kröflustöð í Mývatnssveit. Njótið þess að ganga um Leirhnjúks-svæðið.

Land og saga í Þjórsárdal!

Búrfellsstöð

Lítið inn í stærstu aflstöð landsins! Stöng • Þjóðveldisbærinn Hjalparfoss • Háifoss • Gjáin

Ljósafossstöð við Sog

Sögusýning og gallerí með fjölbreyttu sýningarhaldi í allt sumar.

Fróðleikur í Hrauneyjafossstöð

Skoðunarferð og myndasýning um Þjórsárver og Vatnajökul

Ferðamennska við Kárahnjúka

Kynnið ykkur framkvæmdirnar við Kárahnjúka.

Gestastofa í Végarði í Fljótsdal.



Fyrir þá sem fara upp á heiði:

Útsýnisstaðir • Upplýsingaskilti • Ferðakort

Blöndustöð

Ferðist 200 m niður í jörðina og sjáið **365 kýr**, myndlistarsýningu Jóns Eiríkssonar bónda á Búrfelli, V-Húnaþingi.



Landsvirkjun



markmið mitt er að vera meira með börnunum



Með Netbanka Íslandsbanka nýtir þú tíma þinn betur

Í Netbanka Íslandsbanka á isb.is getur þú nálgast mikilvægar upplýsingar og stundað bankaviðskipti þín í þægilegu umhverfi þér að kostnaðarlausu. Njóttu þess að hafa aðgang að þjónustu okkar á einum stað þegar þér hentar. Hver sem þín fjárhagslegu markmið eru þá hjálpum við þér að ná þeim.

Netbankinn: Yfirlit reikninga og kreditkorta • millifærslur • greiðsluþjónusta • stofnun sparireikninga • stofnun og stjórnun yfirdráttar • verðbréfavíðskipti • lífeyriseign

ÍSLANDSBANKI | Hvar sem þú ert